

Textílmennt 3. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Víktorsdóttir

3

Skólaárið

2024 - 2025.

Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur fá nemendur fræðslu um íslensku ullina. Þeir fá að kempa ull með þelkötum og síðan vinna þeir verkefni úr íslenskri ullarkembu. Nemendur þurrþæfa lítinn bolta og síðan er unnið að því hvernig hugmynd verður að hlut. Að lokum velja nemendur eina hugmynd af þrem sem þeir útfæra með svamp, plötulopa, ullarkembu og þurrþæfinál. Kennsla fer fram með innlögnum í upphafi hverrar lotu. Notast verður við verklega-, sýni og einstaklingskennslu.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í fjórum lotum og fær hver nemandi tvær kennslustundir á viku, 60 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Að vetri loknum fær hver og einn nemandi umsögn.

Námsgögn

Glærur, fræðslumyndband um ullina, bækur, blöð, leiðbeiningar, þurrþæfinálar, svampar, skæri, ullartróð, típtuprjónar, tvinni, efni og önnur efni eða áhöld sem til falla.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

AS Textílmennt 3. bekkur 2019 - 2025

- **Hæfnieinkunn (umsögn)**

AS Textílmennt 3. bekkur 2019 - 2025 - Lykilhæfni

- fer eftir fyrirmælum
- er sjálfstæð/ur í vinnu
- leggur sig fram við námið af alúð og nýtir tímann vel

AS Textílmennt 3. bekkur 2019 - 2025 - Handverk, aðferðir og tækni

- notað verkfæri sem hæfa viðfangsefninu
- unnið eftir leiðbeiningum

AS Textílmennt 3. bekkur 2019 - 2025 - Sköpun, hönnun og útfærsla

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu

AS Textílmennt 3. bekkur 2019 - 2025 - Menning og umhverfi

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt

